



*Prestur: Sigríður Rún Tryggvadóttir
Organisti: Sándor Kerekes
Söngur: Kirkjukór Egilsstaðakirkju
Einsöngur: Árni Friðriksson
Harmonikka: Sigurður Gylfi Björnsson
Meðhjálparar: Jónas Þór Jóhannsson
og Guðrún María Þórðardóttir*



*Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar í Menntaskólanum
á Egilsstöðum að athöfn lokinni.*



Gunnar Aðólf Guttermsson

*Fæddur 3. apríl 1929
Dáinn 7. mars 2023*



*Útför frá Egilsstaðakirkju
laugardaginn 18. mars kl. 11:00*

Jarðsett verður í heimagrafreit á Litla-Bakka

Tónlistarflutningur á undan athöfn:

Gömul spor

Friðrik Jónsson - Valdimar Hólm Hallstað

Sumarkveðja

Ingi T. Lárusson - Páll Ólafsson

Æskuminning

Ágúst Pétursson - Jenni Jóns

Við gengum tvö

Friðrik Jónsson - Valdimar Hólm Hallstað

Fram í heiðanna ró

Daniel E. Kelley - Friðrik A. Friðriksson

Húmar að kveldi

Stephen Foster - Jón frá Ljárskógum

Forspil

Ave María

Sigvaldi Kaldalóns

Bæn

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.

Valdimar Briem



Ritningarlestur

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson

Ritningarlestur

Einsöngur

Rósin

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

Guðspjall

Einsöngur

Það er svo margt að minnast á

Ingi T. Lárusson - Einar E. Sæmundsen

Minningarorð

Einsöngur

Á áttthaga slóð

Ort í tilefni vígslu gamla læknishússins á Hjaltastað sem
sumarbúss Áttthagasamtaka Héraðsmanna í júní 1986.

Nú í Héraðið heim liggja sporin.
Á Hjaltastað eigum við skjól.
Hér við angan og unað á vorin
ég áður leit bernskunnar sól.
Inn til dala er farfugla kliður,
útí flóanum kveldroða glóð,
og í sál minni fyllist upp friður
er þú faðmar mig áttthaga slóð.

Sam C. Hart - Gunnar A. Guttormsson

Bæn - Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf manlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Blessuð sértu sveitin mín

Bjarni Þorsteinsson - Sigurður Jónsson

